

Lánasjóður íslenskra námsmanna
Laugavegi 77
Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 115/1676
komudagur 16/3 1992

Reykjavík 16. mars 1992

Menntamálanefnd Alþingis
c/o Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður.
Alþingi

Að ósk nefndarmanna hef ég tekið saman svör við eftirfarandi spurningum, sem fram komu á fundi hinn 25. febrúar s.l. að höfðu samráði við stjórn LÍN:

1. Áhrif breytingar á reglum um lán til námsfólks í foreldrahúsnæði.

Skólaárið 1989/90 giltu þær reglur að námsmenn í foreldrahúsum fengu 70% af láni þeirra sem bjuggu í leiguhúsnæði og höfðu einnig 70% frítekjumark. Þessu var breytt skólaárið 1990/91 þannig að hlutfall þetta vegna námsmanna í foreldrahúsum var fært niður í 50%. Þessu var aftur breytt til fyrra horfs síðastliðið vor. Spurt var hversu mikið jók þessi breyting á síðastliðnu vori útlán LÍN?

Sé gert ráð fyrir að þessi breyting á reglum hafi ekki haft nein áhrif á heimilisföng námsmanna hefði þessi regla aukið útgjöld um 90 millj. króna vegna hærri framfærslulána og 28 milljónir vegna hærri frítekjumarks. Þetta mark ákveðst af þrefaldri upphæð framfærslulána viðkomandi.

Á það er á hinn bóginn að líta að miklar breytingar hafa orðið á því hvort námsmenn dvelja í foreldrahúsum eða leiguhúsnæði. Skólaárið 1989/90 gildi sama regla og nú. Þá fengu námsmenn í foreldrahúsum 70% af námsláni og 70% frítekjumark miðað við einstaklinga í leiguhúsnæði. Þá skráðu sig 1.052 manns í foreldrahúsum eða 32.5% af einstaklingum, sem fengu aðstoð sjóðsins. Þegar hlutfallið var lækkað hjá þessu fólki skólaárið 1990/91 í 50% skráðu einungis 670 manns sig í foreldrahúsum eða 20.2% af einstaklingum, sem fengu aðstoð sjóðsins. Á yfirstandandi ári er þetta hlutfall komið aftur í 33.5%, eða 1.220 manns í foreldrahúsum eftir að reglunni var breytt í 70% lán miðað við einstaklinga í leiguhúsnæði. (Sjá meðfylgjandi fylgiskjal).

Það er mat sjóðsins, þegar á þetta er litið að lánveitingar hafi sáralítið aukist vegna þessarar breytingar á reglum um námsmenn sem dveljast í foreldrahúsum.

2. Breyting á tekjutilliti úr 75% skerðingu lána í 50%.

Til glöggvunar skal það rifjað upp hvaða meginbreytingar voru gerðar á úthlutunarreglum LÍN s.l. vor. Framfærslulán höfðu verið hækkuð umfram verðlag hinn 1 mars 1989 um 7.5% og 1. sept. um 5% og einnig 1. sept 1990 um 6.4%. Ákveðið var að draga þessar hækkanir til baka með því að lækka framfærslulán um 16.7%. Vegna þeirrar reglu sjóðsins að frítekjumark jafngildir þriggja mánaða framfærsluláni, lækkaði þessi ákvörðun þá upphæð, sem námsmenn máttu hafa í tekjur áður en þær höfðu áhrif á lán til skerðingar. Á móti þessu var tekjutillitið rýmkað, þannig að eftir frítekjumark, sem nú er um

150.000 kr. hjá einstaklingi í leiguhúsnæði, skertust lán um 50% í stað 75% áður. Þar var í raun horfið til sömu reglu og gildi skólaárið 1989-90.

Áhrif þessara ákvarðana beggja hafa verið reiknuð. Niðurstaðan er sú að námslán hafi hækkað vegna þeirra um nálægt 100 millj. króna. Þá er ekki tekið tillit til þess að lægra skerðingarhlutfall hefur að öðru jöfnu hvetjandi áhrif á tekjuöflun manna, þannig að raunveruleg útgjöldaaukning sjóðsins vegna þessara ákvarðana er áreiðanlega mun minni en þessir útreikningar sýna.

3. Áætlað var að breytingar s.l. vor myndu lækka útgjöld LÍN um 650 millj. króna.

Til frekari upplýsinga áætlaði fyrrv. framkvæmdastjóri sjóðsins að hrein lækun útgjalda LÍN á skólaári yrði 650 millj. króna vegna þrenns konar breytinga á úthlutunarreglum s.l. vor. Þessi niðurstaða fékkst þannig (sjá meðf. fylgiskjal) Millj. kr.

Lækun framfærslulána	750
Hækkun stuðuls í foreldrahúsum	-50
Rýmkun tekjutillits	-50
Hrein lækun	650

Samkvæmt athugun, sem gerð hefur verið nú fyrir skömmu virðist þessi áætlun hafa staðist nokkurn veginn í heild.


4. Hvernig ætlar stjórn LÍN að minnka fjárþörf sjóðsins um 550 milljónir króna árið 1992?

Í fjárlögum 1992 er gert ráð fyrir 3.407 millj. króna til námslána og styrkja, en áætlun sjóðsins að óbreyttum reglum gerir ráð fyrir að fjárþörf verði á árinu 3.950 millj. króna vegna námsaðstoðar. Á fundi menntamálanefndar Alþingis var spurt: Hvernig á að minnka fjárþörf sjóðsins um 550 millj. króna frá því sem áætlað er að námsaðstoðin verði á árinu að óbreyttum reglum sjóðsins, ef fara á eftir fjárlögum?

Athygli er vakin á því að ekki hefur verið gengið frá nýjum úthlutunarreglum fyrir skólaárið 1992-93. Eðlilegt er að þær byggist á væntanlegum nýjum lögum um LÍN, en frumvarp til þeirra laga er til umfjöllunar í nefndinni og á Alþingi. Svar stjórnarinnar á þessu stigi verður því að vera almenns eðlis og er svohljóðandi:

"Stefnt er að því að grunnframfærsla verði ekki skert á skólaárinu. Til þess að svo megi verða þarf að mati stjórnar LÍN að draga úr fjárþörf á öðrum sviðum svo sem með því að herða kröfur til námsframvindu, draga úr aukalánnum, sumarlánnum, ferðastyrkjum o.s.frv. Stjórnin er staðráðin í því að leitast við að fara ekki út fyrir þann ramma, sem Alþingi hefur markað sjóðnum með fjárlögum."

Virðingarfyllst,
f.h. LÍN


Lárus Jónsson
framkvæmdastjóri.

LÍN
10/03/92

EINSTAKLINGAR Í FORELDRA- OG LEIGUHÚSNÆÐI.

Skólaár	Fjöldi foreldra hús	% af heild	Fjöldi leigu-húnæði	% af heild	Samtals
1989/90	1.052	32.5%	2.206	67.5%	3.258
1990/91	670	20.2%	2.644	79.8%	3.314
1991/92	1.220	33.5%	2.120	66.5%	3.340*

* Upplýsingar eins og þær liggja fyrir nú.

Athugasemdir:

Reglur LÍN breyttust þannig gagnvart einstaklingum í foreldrahúsum:

Skóla ár:	% af láni einst. í leiguhúsn.	% af frítekju-marki
1989/90	70%	70%
1990/91	50%	50%
1991/92	70%	70%

Í kjölfar breytinga á reglum LÍN skólaárið 1990/91 fækkaði lánþegum í foreldrahúsum um 382 en fjölgaði um 550 þegar reglurnar voru færðar í sama horf og var skólaárið 1989/90.

LIN-UPPLYSINGAR/29/5/91

STJÓRNARFUNDUR LÍN 29/5/91

ÁHRIF SPARNAÐARADGERÐA Á ÚTGJÖLD SJÓÐSINS

A. NÁMSÁRIÐ 1991-92

Gert er ráð fyrir að áætluð útgjöld vegna námsaðstoðar á námsárinu lækki um 650 milljónir.

	millj.	
a) 16,7 % lækkun framfærslugrunns:	750	lækkun
b) breyting á tekjutilliti úr 75% í 50%:	50	hækkun
c) Hækkun framfærslustuðuls úr 0.5 í 0.7:	50	hækkun
Samtals	650	lækkun

Forsendur:

- 1) Verðlag í júní 1991
- 2) Lánþegar alls=8000/hellsárslánþegar=7545
- 3) Óbreyttar tekjur frá 1990
- 4) Félagsleg samsetning lánþegahópsins óbreytt frá 1990-91
- 5) Skipting eftir námslöndum óbreytt frá 1990-91
- 6) Útgjöld vegna skólagjalda og aukalána óbreytt frá 1990-91

B. HAUSTIÐ 91

Gert er ráð fyrir að áætluð útgjöld vegna námsaðstoðar haustið 1991 lækki um 250 milljónir.

Forsendur:

- 1) Áætlað verðlag í september 1991
- 2) Fjöldi er 6000

Aðrar forsendur þær sömu og í A-lið nema þær hafa verið lagaðar að fjölda.